

Rarik ohf.  
b.t. forstjóra, Magnúsar Þórs Ásmundssonar  
Dvergshöfða 2  
110 Reykjavík

Búðardal 9. nóvember 2023

**Efni: Heitavatnsmælar í stað hemla.**

Hópi íbúa í Sveitarfélaginu Dalabyggð, kt. 510694-2019, barst bréf í september sl. frá Rarik ohf. (hér eftir Rarik) þar sem Rarik boðaði að á næstu mánuðum stæði til að hætta sölu á heitu vatni í gegnum svokallaða hemla. Ástæða þess var sögð sú að þeir hvettu til sóunar og að sanngjarnt væri að viðskiptavinir greiddu með „líkum hætti fyrir heitavatnsnotkun“.

Forsaga málsins er sú að hitaveita í sveitarfélaginu var rekin af Hitaveitu Dalabyggðar ehf., kt. 600799-2159, allt til ársins 2003. Það ár seldi það félag allar eignir sínar, með samningi dagsettu 24. júlí 2003, til Rarik. Sveitarfélagið undirritaði samninginn m.a. um samþykki fyrir sölunni og voru nokkur ákvæði í samningnum sem vörðuðu sveitarfélagið með beinum hætti eins og með skyldu Rarik til að halda samráðsfund með sveitarstjórn einu sinni á ári. Hitaveita Dalabyggðar ehf. var sameinuð Sláturhúsinu í Búðardal ehf., kt. 440402-2670 sem í dag heitir Fjárfestingafélagið Hvammur ehf. þann 23.03.2006.

Hluti af þeim skyldum sem Rarik tók á sig með framangreindum samningi var að tryggja að gjaldskrá hitaveitunnar myndi ekki hækka eftir yfirtökuna umfram almennt verðlag, sbr. 1. mgr. 8. gr. samningsins. Í 2. mgr. 8. gr. samningsins kemur fram að verði breytt frá hemlakerfi í mælakerfi þá muni Rarik haga ákvörðun gjaldskrár þannig „að heildartekjur af hitaveitunni breytist ekki“ vegna þeirrar kerfibreytingar óháð því hvort kostnaður einstakra notenda hækki eða lækki. Þannig vildu aðilar samningsins tryggja að umrædd breyting í mælakerfi væri ekki leið fyrir Rarik til að auka tekjur sínar á kostnað íbúa sveitarfélagsins. Það var talið sér í lagi mikilvægt þar sem skv. gjaldskrá þeirri sem í gildi var á þeim tíma höfðu íbúar lagt út í töluverðan stofnkostnað m.a. við heimtaugar í trausti þess að breyting úr hemlakerfi í mælakerfi hefði ekki aukin kostnað í för með sér fyrir þá.

Fyrir fund byggðaráðs sveitarfélagsins, þann 26.10.2023, var rætt erindi frá íbúa í Dalabyggð þar sem meðfylgjandi var umrætt bréf sem sent hafði verið íbúum sveitarfélagsins sem fyrr segir. Þar var lýst yfir miklum áhyggjum af því hvaða áhrif þessi breyting hefði á kostnað íbúa af húshitun og annarri heitavatnsnotkun. Erindið var líka tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 9.11.2023 þar sem undirrituðum var falið að afla upplýsinga frá Rarik hvernig það myndi tryggja að boðuð breyting væri í samræmi við áður nefndan samning sér í lagi 2. mgr. 8. gr. hans.

Í ljósi þessa óskar sveitarfélagið eftir því að Rarik upplýsi eftirfarandi:

- 1) Hvort boðuð breyting hafi í för með sér að heildartekjur af hitaveitunni breytist?
- 2) Ef heildartekjur breytast hvernig það samræmist nefndri 2. mgr. 8. gr. samningsins.
- 3) Hvort og þá hvað Rarik muni gera til að tryggja að til að heildartekjur af hitaveitunni breytist ekki á þvingjandi hátt fyrir íbúa sveitarfélagsins?

- 4) Hvort við framangreinda breytingu verði tekið tillit til þess að notendur í dreifbýli í sveitarfélaginu þurftu að greiða háan stofnkostnað við lagningu hitaveitu í trausti þess að þeir fengju lágan hitakostnað sbr. þágildandi gjaldskrá?

Með vísan til 12. gr. framangreinds samnings er jafnframt óskað eftir því að haldinn verði samráðsfundur með sveitarstjórn Dalabyggðar um málefni hitaveitunnar og ofangreint við fyrsta tækifæri þar sem m.a. verði farið yfir framangreint.

F.h. Dalabyggðar

---

Björn Bjarki Þorsteinsson,  
Sveitarstjóri Dalabyggðar